

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1846****2019/EES/49/40**

frá 23. nóvember 2018

**um breytingu á viðaukunum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum í því skyni að laga viðaukana að framförum á sviði vísinda og tækni (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB frá 24. september 2008 um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í þætti I.1 í I. viðauka, þætti II.1 í II. viðauka og þætti III.1 í III. viðauka við tilskipun 2008/68/EB er vísað til ákvæða, sem sett eru fram í alþjóðasamningum um flutninga á hættulegum farmi á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum eins og skilgreint er í 2. gr. þeirrar tilskipunar.
- 2) Ákvæði þeirra alþjóðasamninga eru uppfærð á tveggja ára fresti. Því skulu síðustu, breyttar útgáfur þeirra samninga gilda frá og með 1. janúar 2019, með umbreytingarfresti til 30. júní 2019.
- 3) Því ætti að breyta þætti I.1 í I. viðauka, þætti II.1 í II. viðauka og þætti III.1 í III. viðauka við tilskipun 2008/68/EB til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flutning á hættulegum farmi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*I. gr.***Breytingar á tilskipun 2008/68/EB**

Tilskipun 2008/68/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað þáttar I.1 í I. viðauka kemur eftirfarandi:

„I.1 ADR-samningurinn

Viðaukar A og B við ADR-samninginn, í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. janúar 2019, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“, eftir því sem við á.“

2. Í stað þáttar II.1 í II. viðauka kemur eftirfarandi:

„II.1 RID-reglurnar

Viðauki við RID-reglurnar, sem birtar eru í viðbæti C við samninginn um millilandaflutninga með járnbrautum (COTIF), í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. janúar 2019, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“, eftir því sem við á.“

3. Í stað þáttar III.1 í III. viðauka kemur eftirfarandi:

„III.1 ADN-samningurinn

Reglur sem fylgja með í viðauka við ADN-samninginn, í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. janúar 2019, og einnig 3. gr. (f-liður), 3. gr. (h-liður), 8. gr. (1. mgr.) og 8. gr. (3. mgr.) ADN-samningsins, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“, eftir því sem við á.“

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2018, ESB L 299, 26.11.2018, bls. 58. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2019 frá 14. júní 2019 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. 2008, ESB L 260, 30.9.2008, bls. 13.

2. gr.

#### Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2019. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

#### Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

#### Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. nóvember 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*Fyrir hönd forsetans,*

Violeta BULC

*framkvæmdastjóri.*

---